Aðalskipulag Reykjavíkur:

Hugmyndir og tillögur lagðar á borð fyrir borgarbúa á Kjarvalsstöðum

Í GÆR var opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á hugmyndum og tillögum skipulagsnefndar borgarinnar að framtíðarskipulagi höfuðborgarinnar. Er það viðamikil sýning á hugmyndum að skipulagi framtíðarbyggðar höfuðborgarinnar, tillögum um endurnýjun eldra hverfa, tillögum að miðbæjarsvæði, hafnarsvæðum, iðnaðarsvæðum, vörugeymslnasvæðum, íbúðarsvæðum, svæðum opinberra stofnana, útivistarsvæðum o.s.frv.

Það kom fram í ávarpi Ólafs B. Thors, formanns skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar, að hugmyndir þær og tillögur að aðalskipulagi höfuðborgarinnar, sem þarna væru til sýnis, hefðu ekki verið unnar af einum hópi manna, heldur hefðu verið kallaðir til sérfræðingar á ýmsum sviðum og skipulagshópar til að vinna að einstökum þáttum aðalskipulagsins. Hefði það verið gert til að fá fram fjölbreyttari hugmyndir að endanlegu skipulagi.




Hér virða nokkrir borgarfulltrúar fyrir sér líkan af Breiðholti I. Næst ljósmyndaranum má á líkaninu sjá þyrpingu bygginga sem framkvæmdir hafa ekki verið hafnar við. Tvöfalda línan lengst til vinstri er fyrirhugað framhald hraðbrautar um Fossvogsdal.

Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri flutti ávarp við opnun sýningarinnar. Sagði hann að aðalskipulag borgarinnar hefði verið samþykkt árið 1965, þá fyrir næstu 20 ár.

Vegna ýmissa breyttra forsendna hefði síðan verið ráð fyrir gert, að skipulagið yrði endurskoðað á 5 ára fresti. Hefði Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar því í mörg ár unnið að endurskoðun aðalskipulagsins frá 1965, og þá undir yfirstjórn skipulagsnefndar borgarinnar. Sagði borgarstjóri, að þótt talað væri um endurskoðun aðalskipulags, þá væri í raun réttara að segja að hér væri um að ræða nýtt aðalskipulag.

Það kom fram í máli borgarstjóra að skipulagsnefndin hefði nú afgreitt hið nýja aðal skipulag að sínu leyti, og væri það nú borgarráðs og borgarstjórnar að samþykkja það endanlega. Áður en það yrði gert, sagði borgarstjóri, vildu borgaryfirvöld kynna borgarbúum tillögurnar og hugmyndirnar svo borgarbúar gætu síðan komið fram með ýmsar ábendingar og athugasemdir, sem gætu orðið borgarráði og borgarstjórn til leiðbeiningar við endanlega afgreiðslu málsins.



Hér skoðar Ólafur B. Thors, ásamt fleirum, hugmyndir að skipulagi hafnarmannvirkja höfuðborgarinnar (ljósm. Friðþjófur.).



Þessi sýningargestur hefur hér sökkt sér niður í tillögur að framtíðarskipan Breiðholts III, en líkan af því svæði má sjá í forgrunni.

Á sýningunni, sem mun verða opin næstu vikurnar, mun fólki gefast kostur á að hlýða á útskýringar sérfræðinga og þess fólks sem hefur unnið að þessum tillögum. Verður tímasetning þessara útskýringa auglýst í fjölmiðlum. Þá gefst fólki einnig kostur á að heimsækja Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar og kynna sér þar ýmis atriði, og fá svör við spurningum er lúta að einstökum atriðum skapulagsins, sem ef til vill liggja ekki skýrt fyrir á Kjarvalsstöðum. Þar mun fólk einnig hafa aðgang að ýmsum greinargerðum sem til eru og fjalla um einstaka þætti skipulagsins. Sýningin verður opin á venjulegum sýningartíma Kjarvalsstaða, eða frá 16—22 virka daga, og 14—22 helga daga.

Sérfræðinganefnd undirbýr varnir við hugsanlegum Suðurlandsskjálfta

Gerir tillögur bæði um fyrirbyggjandi ráðstafanir og hvernig skuli brugðist við hamförunum í smæstu atriðum

Á VEGUM Almannavarna ríkisins er nú tekin til starfa sérfræðinganefnd eða vinnuhópur, sem ætlað er að gera tillögur um jarðskjálftavarnir á Suðurlandi. Í ljósi skjálftasögu þessa landsvæðis er gert ráð fyrir að senn megi vænta mikils skjálfta á þessu svæði. Nefndin er skipuð þeim Guðjóni Petersen, fulltrúa Almannavarna, sem er formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn eru Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi, Óttar P. Halldórsson, prófessor í verkfræði, Sveinbjörn Björnsson, jarðeðlisfræðingur við Raunvísindastofnun, og Sigurður Thoroddsen, arkitekt hjá Skipulagsstjóra ríkisins.

Víðtækar ráðstafanir

Nefnd þessi kemur saman til fundar í dag, en fyrirhuguð verkefni nefndarinnar eru m.a. að sjá um að kortleggja og flokka þau svæði á Suðurlandi, þar sem jarðskjálftahættа er mest, að kanna styrkleika bygginga á svæðinu og gera tillögur til úrbóta á hættulegum byggingum, að athuga hvaða kröfur beri að gera um styrkleika nýbygginga á svæðinu, að gera tillögur um rannsóknir, sem hugsanlega gætu gefið vísbendingar um það hvar næsta skjálfta mætti vænta, að semja leiðbeiningar til almennings um öryggisráðstafanir vegna jarðskjálftahættu, að fjalla um það hvernig bregðast skuli við til björgunar- og öryggisráðstafana, ef jarðskjálfti verður og að fjalla um framtíðarskipulag byggðar með hliðsjón af hættusvæðum. Áformað er að þessi hópur starfi fram á vetur, en tillögur hans verða lagðar fyrir almannavarnanefndir í héraði, sem annast eiga framkvæmd þeirra.

Einn sérfræðinganna í hópnum, Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur, hefur undanfarið ár kynnt sér heimildir um mikla landskjálfta á Suðurlandi og gert yfirlitskort yfir tjón á húsum af þeirra völdum. Sæmilegar heimildir hafa reynzt vera til í blöðum um skjálftann sem varð 1912 og ágætar um skjálftann 1896 í bók Þorvalds Thoroddsens — Landskjálftar á Íslandi og einnig hafa fundizt ágætar óprentaðar heimildir um landskjálfta, sem urðu á þessu svæði 1706, 1732 og 1734.

Eftir því sem Sveinbjörn segir í fréttabréfi Raunvísindastofnunar hefur Suðurlandsundirlendi oft verið hart leikið af skjálftum, og hafa sveitirnar Land, Rangárvellir, Grímsnes, Flói og Ölfus oftast orðið fyrir tjóni. Kortin sem nú hafa verið teiknuð sýna ljósar en áður hvar skjálftarnir hafa komið harðast niður hverju sinni. Upptök skjálftanna virðist þræða fremur mjótt belti frá Þurá og Hjalla í Ölfusi um Selfoss, Skeið neðanvert, efri hluta Holta austur um Land að Næfurholti og Selsundi.


34 stórir skjálftar á 8 öldum

Sveinbjörn segir, að sprungusvæði hvers skjálfta eigi sér miðju á þessu belti, en sprungurnar liggi yfirleitt í norðlæga eða norðaustlæga stefnu og geti í stærstu skjálftum náð allt að 20 km norður eða suður frá upptökunum. Eftirtekt veki, að skjálftarnir komi sjaldnast í sama farið heldur frekar til hliðar við þann sem síðast kom og leggist sprungusvæðin þannig hlið við hlið.

Sveinbjörn segir ennfremur, að nú séu um 80 ár liðin síðan mikill skjálfti hefur orðið á vestanverðu sprungusvæðinu en 64 ár frá síðasta stórum skjálfta í Landi. Vitað sé um 38 skjálfta á síðustu 8 öldum á þessu svæði, og því verði að teljast líklegt að senn sé mikill skjálfti í vændum.

Þá hafði Morgunblaðið samband við Guðjón Petersen, fulltrúa Almannavarna í sérfræðinganefndinni, og ítrekaði hann að nefndinni væri fyrst og fremst ætlað að vera aðstoðar- og leiðbeiningaraðili, en allar varnir ættu að vera hjá almannavarnanefndunum í héraði og stjórn allra mála, ef eitthvað kæmi upp á. Guðjón sagði, að einmitt um þessar mundir væri verið að ljúka við svonefnda neyðaráætlun bæði fyrir Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og hefði geysileg áherzla verið lögð á að hraða því verki vegna jarðskjálftahættunnar á þessu svæði. Sérfræðinganefndinni væri á hinn bóginn ætlað að gaumgæfa nánar jarðskjálftamálin á þessu landsvæði, gera tillögur, og

Framhald á bls. 31



Myndin sýnir rústir bæjarins að Selfossi, en hann hrundi í jarðskjálftanum 1896. (Þorvaldur Thoroddsen).